

Leikskólinn Ákrar

Ársskýrsla skólaárið 2021-2022



Ragnildur Gunnlaugsdóttir leikskólastjóri á Ökrum

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Leikskólinn Akrar.....	2
Námsskrá leikskólans	2
Stoðþjónusta	3
Mat á starfi leikskólans út frá starfsáætlun	3
Uppeldi til ábyrgðar	3
Frjálsi leikurinn	4
Námssögur	4
Blær vináttuverkefni	5
Mat á starfi leikskólans út frá matsáætlun	5
Útivera barna.....	5
Líðan starfsmanna.....	6
Námsskrá leikskólans	6
Velliðan eldri barna í hvíld	6
Foreldrasamstarf.....	6
Barnahópurinn	7
Starfsmannahópurinn	8
Stefna í starfsmannamálum	8
Starfsmannakönnun	8
Helstu niðurstöður	9
Starfspróun	9
Nýbreytni.....	10
Farsældar frumvarp.....	10
Sérverkefnasjóður	10
Vináttuverkefnið	11
Að auka orðaforða.....	11
Hreyfihandbók	11
Húsnæði og viðhald	11
Lokaorð.....	12

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skal leikskólastjóri gera grein fyrir starfssemi leikskólans í ársskýrslu sem síðan foreldraráð gefur umsögn um. Þessi ársskýrsla tekur til skólaársins 2021-2022.

Leikskólinn Akrar

Leikskólinn Akrar var formlega opnaður 12. janúar 2012, virkni og vellíðan eru grunnildi leikskólans. Vellíðan barna er höfð í fyrirrúmi, um leið og börnum líður vel í leikskólanum eru meiri líkur á að þau geti tekið fullan þátt í starfi hans. Starfið er skipulagt út frá þátttöku og virkni barnanna og ýtt er undir þau verkefni sem vekja áhuga barnanna hverju sinni. Börnin læra af eigin reynslu með því að skynja námið á eigin hátt. Á Ökrum er unnið eftir stefnunni Uppeldi til ábyrgðar, sú stefna leggur mikið upp úr jákvæðum samskiptum. Ef samskipti eru góð og gefandi þá má byggja á þeim árangursríkt nám. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum. Að skapa skilyrði til að barnið geti lagfært mistök sín, snúið aftur til hópsins og vaxið við hverja raun. Markmiðið er að þjálfa börn í að vera þau sem þau vilja út frá eigin sannfæringu en ekki bara að til að geðjast öðrum.



Námsskrá leikskólans

Samkvæmt 14. grein laga um leikskóla skal hver leikskóli gefa út skólanámskrá. Á grunni aðalnámskrár eiga allir leikskólar að móta sína eigin námskrá. Skólanámskrá leikskólans Akra samþykkti í mars 2014 af leikskólanefnd Garðabæjar. Skólanámskrá Akra var endurskoðuð í ár af leikskólastjóra í samstarfi við aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra og lesin yfir af foreldraráði. Námskráin er sýnileg á heimasíðu leikskólans.

Stoðþjónusta

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd sérkennslu í skólanum. Mikilvægt er að koma til móts við ólíkar þarfir barnanna og mæta þeim þar sem þau eru stödd. Ef þörf er á frekari athugun og inngripi er gott samstarf við sérfræðiteymi á skólaskrifstofu Garðabæjar sem samanstendur af sérkennslufulltrúa, talmeinafræðingi og sálfræðingi. Samráðsfundir eru með þeim annan hvern mánuð ásamt sérkennslustjóra og leikskólastjóra og þar er farið yfir mál einstakra barna. Sálfræðingur og talmeinafræðingur koma í leikskólann og taka próf ef þess þarf. Á þessu skólaári kom talmeinafræðingur tvisvar inn á Akra, heimsóknirnar voru tvisvar sinnum tvær vikur í senn með viku á milli. Hún kom fjóra daga vikunnar með þjálfun fyrir þau börn sem eru með frávík en falla ekki undir viðmið sjúkratrygginga um talþjálfun út í bæ. Samkvæmt áætlun átti hún að koma oftar en vegna veikindaleyfis urðu heimsóknirnar ekki fleiri. Á síðasta skólaári var 50% stöðugildi sem stuðningur við eitt barn. Alls voru 15 börn sem nutu íhlutunar og stuðnings. Íhlutunin fólst m.a. í málörvun, framburðarþjálfun og félags- og samskiptafærni. Fimm tvítýngd börn voru í skólanum og er boðið upp á túlkajónustu í viðtölum og á fundum er varða málefni þeirra ef þess er óskað.

Mat á starfi leikskólans út frá starfsáætlun

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er markmið innra mats það að leikskólinn meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkum þætti starfsmanna, barna og foreldra.

Á hverju hausti eru gerð drög að starfs- og matsáætlun út frá námskrá leikskólans, þau drög eru unnin af stjórnendateymi leikskólans sem foreldraráð leikskólans les yfir og kemur með athugasemdir eða samþykkingir. Aðstæður voru öðruvísi í ár þar sem nýr leikskólastjóri kom inn í starfið í lok ágúst og voru þær áætlanir sem búið var að gera ekki raunhæfar miðað við aðstæður leikskólans á þeim tíma. Því var ákveðið að gera nýjar áætlanir sem allir treystu sér í að gera vel. Matið fór að mestu fram eftir áramót með rýnihópum.

Uppeldi til ábyrgðar

Akrar er uppeldi til ábyrgðar leikskóli og gætir áhrifa þess í öllu starfi leikskólans. Þar sem stefnan snýst mikið um samskipti er hægt að heyra og sjá hana í öllu starfi með börnum. Við heyrum/sjáum að börnunum er



Leikskólinn Akrar

gefið val, það er hlustað á þau og þau fá að hafa áhrif á það sem þau eru að gera. Á yngstu deildinni er unnið aðallega með Öryggi, að börnin finni fyrir öryggi í leikskólastarfinu og að foreldrar finni fyrir öryggi í samskiptum við leikskólastarfsfólk. Því eldri sem þau verða er farið dýpra í þarfirnar. Á elstu deildunum er farið í að vinna með hverja þörf fyrir sig. Börnin eru spurð spurninga sem tengjast hverri þörf og með því getum við séð hvaða þörf er ríkust hjá þeim og með því eigum við að geta komist betur á mótis við þau er varðar líðan og áhuga. Þetta er skemmtileg vinna og er alltaf hægt að bæta við eða breyta í þessari vinnu og aðlaga hana að hverjum árgangi.

Frjálsi leikurinn

Leikurinn er mikilvægasta námleið barnsins og er mikilvægt að börnin fái stuðning og hvatningu til þess að þróa leikinn. Við tókum þá ákvörðun í haust að gefa leiknum enn meiri tíma og rými innan dagskipulagsins hjá okkur. Það gekk mjög vel að gefa frjálsa leiknum þetta rými en á móti þarf að finna betra skipulag í kringum listakrök og aðra sköpun þar sem það var ekki fast inn í dagskipulaginu. En það er eins og með allt nýtt sem við gerum það tekur tíma að finna hvað það er sem virkar best fyrir okkur og svo festa það í starfið.



Námssögur

Námssögur eru tæki til að meta áhuga, virkni og vellíðan barna í leikskóla og síðan er hægt að nota sögurnar til að styðja við frekari nám barna. Það voru gerðar námssögur fyrir hvert barn á eldri deildum í vetur eftir áramót og voru þær settar inn í ferilmöppur barnanna. Það voru ekki gerðar námssögur á yngri deildunum. Til að gera betur í þessu teljum við að með því að setja niður í dagatal ákveðna daga eða jafnvel mánuð þar sem námsmat/námssögur verða gerðar. Gott væri að miða við eina sögu eftir áramót á yngstu deildunum þar sem fyrir áramót eru þau að kynna nýju umhverfi og finna sig örugg í því.

Blær vináttuverkefni

Á hverju hausti á Blær að koma aftur úr fríi frá Ástralíu og hitta börnin í vinastund í sal. Í ár koma hann í seinna lagi og kom hann inn á hverja deild fyrir sig í stað þess að koma í vinastund. Það er mismunandi milli deilda hversu markvisst er unnið með vináttuverkefnið en bangsinn er aðgengilegur fyrir börnin inn á öllum deildum og þau geta sótt hann þegar þeim langar að knúsa hann. Á annarri elstu deildinni var farið með elstu börnin í stórt verkefni í sambandi við Blæ. Þar var farið í dýpri vinnu sem endaði á að börnin gerður sína eigin sögu og myndskreyttu. Vináttuverkefnið er frábært verkefni sem ýtir undir kærleik og samkennd og þurfum við að leggja meiri áherslu á að gera það að markvissri vinnu. Til að byrja með væri sniðugt að festa verkefnið á eina sérstaka viku í mánuði og innan þeirra viku væri unnið markvisst með verkefnið.

Mat á starfi leikskólans út frá matsáætlun

Útivera barna

Á Ökrum leggjum við upp með það að hafa tvískipta útiveru til að nýta allt rými leikskólans sem best. Þá fá börnin sem eru inni nægt rými í leiknum og meiri pláss á útisvæði fyrir allskonar leiki. Í matinu átti að gera þrjár skráningar yfir árið, eina fyrir áramót og tvær eftir áramót en



skráningin fyrir áramót féll niður þar sem við höfðum ekki mannskap til að halda utanum skráninguna svo hún yrði marktæk. Eftir áramót voru gerðar tvær skráningar viku í senn og er gleðilegt að segja frá því að það á eldri deildum var yfirleitt tvískipt útivera. Það var tvennt sem hafði áhrif á það hvort útivera var tvískipt eða ekki og það var slæmt veður eða mannekla. Það var einungis einn dagur á eldri deildum þar sem ekki var farið út og það var vegna þess að hliðið var brotið og var ekki komið að laga það fyrir en í lok dags. Á yngri deildum var oftast sem allir fóru út fyrir hádegi, það er vegna þess að mörg barnanna sofa eftir hádegi. Það voru tvö skipti þar sem ekki var farið út á yngri deild og það var vegna veðurs.

Líðan starfsmanna

Samkvæmt skoðanakönnun Skólapúlsins þá er líðan starfsmanna mjög góð og telja þeir starfsanda bæði hvetjandi og þægilegan. Þeir telja sig fá þá aðstoð og stuðning sem þarf við þau verkefni sem koma upp og hafa ekki tekið eftir mismunun eftir kynþætti eða aldri starfsmanna. Starfsmenn bera traust til yfirmanns síns og finnst hann koma fram við starfsfólk af réttlæti og jafnræði. Hægt er að skoða niðurstöður starfsmannakönnunnar inn á heimasíðu leikskólans.

Námsskrá leikskólans

Það var komin tími á að fara yfir námskrá leikskólans þar sem hún var samþykkt árið 2014 og hafa orðið töluverðar breytingar á starfi leikskólans á þessum árum. Tekin voru út atriði sem hafa ekki fests í sessi og atriði sett inn í staðinn sem hafa komið inn og sett svip sinn á leikskólastarfið.

Vellíðan eldri barna í hvíld

Áætlað var að gera broskalla könnun hjá elstu börnunum varðandi hvíld en því miður náðist ekki að fara í þá könnun þetta skólaárið. En Akrar, líkt og aðrir leikskóla í Garðabæ, tóku þátt í þróunarverkefni Skólapúlsins sem var spurningakönnun fimm ára barna. Því miður var könnunin ekki marktæk þannig ekki var hægt að lesa í niðurstöðurnar en við gátum lesið í svör barnanna okkar á Ökrum. Helsta niðurstaðan var að börnunum finnst þau þurfa að sitja alltof mikið kyrr í leikskólanum. Með þetta að leiðarljósi var byrjað að hafa flæðandi kaffitíma á sumum deildum. Þá er eitt borð þar sem hægt er að borða og koma börnin þegar þeim hentar að borðinu og fara strax aftur í leikinn þegar þau eru búin.

Foreldrasamstarf

Í haust varð endurnýjun í foreldraráði leikskólans en foreldrafélagið var óbreytt. Í ár voru fjórir foreldrar í foreldraráði ásamt leikskólastjóra og sjö foreldrar í foreldrafélaginu ásamt aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra. Foreldraráðið fundaði sex sinnum í ár og þá voru rædd hin ýmsu mál sem varða leikskólann. Foreldrafélagið hittist tvisvar sinnum í leikskólanum og einnig fóru mikið af samskiptum fram á facebook síðu foreldrafélagsins. Það eru vissir viðburðir í leikskólanum sem foreldrafélagið heldur utan um og í vetur hélt foreldrafélagið utan um þessa viðburði:



Leikskólinn Akrar

- Jólasveinar á jólaball og gjafir handa börnunum
- Jólagjafir handa starfsfólki
- Maxi mús músiksmús
- Sveitaferð
- Sumarhátíð

Barnahópurinn

Fyrsta desember 2021 voru 86 börn á fjórum deildum í leikskólanum. Á Móa voru 17 börn, á Lyngi voru 20 börn, á Engi voru 24 börn og á Mýri voru 25 börn.

19 börn voru fædd 2016

25 börn voru fædd 2017


19 börn voru fædd 2018

14 börn voru fædd 2019

9 börn voru fædd 2020

Vistunartími barnanna var frá 6

klukkustundum upp í 9 klukkustundir. Mikill meirihluti barnanna voru í 8-8,5 klukku tíma vistun en taflan hér að neðan sýnir skiptinguna.



Fjöldi barna	Klukkustundir
1	6
2	7
6	7,5
36	8
12	8,25
16	8,5
6	8,75
7	9

Starfsmannahópurinn

Í desember 2021 voru 32 starfsmenn í leikskólanum.

7	Leikskólakennarar í 6 stöðugildum
11	Leiðbeinendur í 9,23 stöðugildum
4	Tímavinnustarfsfólk sem kemur í afleysingar
2	B.ed. í leikskólakennarafræðum í 1,8 stöðugildum
2	Önnu háskólamenntun í 1,1 stöðugildum
1	Deildarstjóri í Stag 1 stöðugildi
1	Matráður í 0,75 stöðugildi
2	Starfsmenn í eldhúsi í 1,5 stöðugildi
2	Starfsmenn í fæðingarorlofi

Stefna í starfsmannamálum

Í byrjun skólaárs voru miklar breytingar á starfsmannahaldi, bæði í stjórnun og starfsmönnum inni á deildum leikskólans. Akrar leggur mikið upp úr vellíðan starfsmanna og var aðaláhersla lögð á að þjappa hópnum saman að allir gætu fundið fyrir trausti, samvinnu og samhug. Með trausti og virðingu fyrir starfi hvers annars gekk vel að takast á við þau verkefni sem við fengum upp í hendurnar. Þennan veturinn kom inn mikið af nýju starfsfólki og við gerðum okkar besta í að láta þau finna fyrir öryggi og trausti í erfiðum aðstæðum. Í gegnum árin hefur Akrar verið með fasta viðburði til að þjappa hópnum saman en vegna Covid var ekkert um það fyrir áramót. Eftir áramót fórum við saman út að borða og héldum jóla/árshátíðar gleði starfsmanna í leikskólanum þar sem reglum varðandi Covid fóru minnkandi. Í maí fóru 18 starfsmenn leikskólans í námsferð til Berlínar sem þjappaði hópnum mikið saman.

Starfsmannakönnun

Skólapúlsinn er með foreldrakönnun og starfsmannakönnun annað hvert ár til skiptis og í ár var starfsmannakönnun. Á vef Skólapúlsins er að finna upplýsingar um aðferðafræðina á bakvið kannanirnar. Kannanirnar eru hluti af innra mati leikskólans en tilgangur þess er að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs í leikskólum. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna.

Leikskólinn Akrar

Svarhlutfall í þessari könnun var 79% og skiptist starfsaldur starfsmanna á þessu skólaári þannig að helmingur þeirra hefur unnið lengur en fjögur ár og hinn helmingurinn minna. Við teljum að ástæða lágs svarhluftalls sé vegna þess að allir starfsmenn fengu link til að svara en það voru þrír starfsmenn í fæðingarorlofi og þrír í veikindaorlofi og er vitað að þeir svöruðu ekki.

Starfsmannakönnunin innihélt eftirtalda matsþætti og hver matsþáttur samanstendur af nokkrum spurningum.

1. Starfsmenn
2. Vinnustaðurinn
3. Stjórnun
4. Uppeldi og menntun
5. Símenntun og undirbúningstími
6. Opnar spurningar

Helstu niðurstöður

Við komum virkilega vel úr fyrstu fjórum þáttunum, vorum þar vel yfir landsmeðaltali og mikil bæting frá síðustu könnun í flestum þáttum. Það er vel hægt að lesa úr könnuninni að starfsmönnum leið vel og fundu fyrir öryggi og stuðning í starfinu. Það sem kom ekki nógu vel var kaflinn um símenntun og undirbúningstíma. Er varðar símenntun er enn hægt að sjá áhrif Covid þar sem ekki voru mikil tækifæri fyrir símenntun. Hin atriðin sem komu ekki nógu vel út voru þróunarstarf, undirbúningur og starfsþróunarsamtöl. Á fyrri hluta starfsársins vantaði starfsfólk í leikskólann sem olli því að kennarar fengu ekki allan þann undirbúning sem þeir áttu rétt á en um leið og skólinn varð fullmannaður lagaðist það. Þegar farið er í þróunarstarf þarf undirbúning og samtöl og þetta skólaárið þurftu áherslurnar að vera aðrar þannig það var ekki lagt mikið upp úr þróunarstarfi en vonandi verður bæting þar á. Engin markviss starfsþróunarsamtöl voru haldin þetta skólaárið og er óhætt að segja að vegna anna þá gleymdist það. Það verður gerðar bætur á því næsta skólaár með því að setja niður fasta tíma strax eftir áramót.

Starfsþróun

Á skólaárinu 2021-2022 var lítið um námskeið vegna takmarkanna í Covid. Þrátt fyrir það vorum við bjartsýn og fórum að undirbúa námsferð erlendis en það var inn í öllum samningum að hægt væri að ganga frá borði án útgjalda ef aftur yrðu settar á takmarkanir vegna Covid. Fyrir áramót fengu allir starfsmenn kynningu á Uppeldi til ábyrgðar og ætlunin var að fá

Leikskólinn Akrar

skyndihjálparnámskeið en það gekk ekki upp. Eftir áramót fengum við Kristínu Kristjánsdóttir til okkar með námskeiðið *Örugg skref í starfi*. Þetta var fjöggra klukkutíma námskeið sem var haldið á tveimur kvöldum, eitt kvöld í mars og annað í apríl. Í lok maí fóru 18 starfsmenn svo til Berlínar þar sem þeir fræddust um þýskt skólakerfi og skoðuðu leikskóla. Þeir starfsmenn sem voru heima fengu skoðunarferðir um leikskóla heima á Íslandi sem vinna í anda Uppeldi til ábyrgðar.

Allir starfsmenn sátu eftirtalda fyrirlestra/námskeið

- Ragnhildur Gunnlaugsdóttir - Uppeldi til ábyrgðar, kynning á stefnunni.
- Kristín Kristjánsdóttir – Örugg skref, fyrsti hluti.
- Kristín Kristjánsdóttir – Örugg skref, annar hluti.

Það voru ýmiss námskeið eða fyrirlestrar í boði rafrænt sem starfsmenn gátu setið eða hlustað á m.a. Kvíði barna, innkaupa og úrgangsstefna Garðabæjar, innra mat leiksóla o.fl.

Nýbreytni

Farsældar frumvarp

Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna var samþykkt í júní 2021. Með þessu frumvarpi verða gerðar miklar breytingar á skipulagi stofnanna og er Garðabær að hefja þá vegferð sína. Eftir áramót hafa verið fundir með stjórnendum þar sem frumvarpið hefur verið kynnt og einnig hefur verið gefið rými á umræðum svo allir hafi sama skilning á því sem verið er að fara í. Í ár kom ný menntastefna í Garðabæ og mun farsældarfrumvarpið vera sem rauður þráður í gegnum hana.

Sérverkefnasjóður

Þetta er miðlægur sjóður til að standa straum af launakostnaði vegna sérverkefna í leikskólum Garðabæjar. Hægt er að sækja um í þennan sjóð ef þú ert að vinna að verkefni sem falla undir markmið leikskólastarfs og uppeldis- og menntunarhlutverk. Þrjú sérverkefni hafa verið samþykkt á Ökrum.

Vináttuverkefnið

Á Ökrum er verið að vinna með vináttuverkefnið Blæ. Það er verið að vinna með myndirnar og bangsann en til að geta unnið meira og farið dýpra með verkefnið verða útbúin vinnuskjöl og leiðbeiningar til að allir geti unnið vináttuverkefnið í hópum. Þetta verkefni hentar mjög vel þegar þarf að bæta samskipti og kærleik í hópum. Markmiðið er að kenna börnum enn meiri samvinnu og vekja athygli á fjölbreytileika okkar sem einstaklingar og við getum hjálpað hvoru öðru í að verða betra með því að vinna saman en ekki geng hvort öðru.



Að auka orðaforða

Það er miserfitt fyrir börn að átta sig á hugtökum og orðum og þetta verkefni er útbúið til að hjálpa börnum að fá betri skilning á veðráttu og aukin orðaforða á klæðnaði sem passar við veðurfar. Verkefnið inniheldur útbúna dúkku, klæðnað og spjöld til að vinna með henni. Dúkkan auðveldar börnunum að skilja hvernig þau eiga að klæða sig miðað við veðrið, eykur orðaforða og eykur líkamsímynd þeirra. Ásamt dúkkunni verða útbúin spjöld með myndum af líkamspörtum og klæðnaði og með reglulegri notkun dúkkunnar læra börnin reglurnar um klæðnað í samræmi við árstíðarnar ásamt því að orðaforði og líkamsímynd þeirra eykst.

Hreyfihandbók

Það er gríðarlega mikilvægt að börn fái tækifæri til að stunda fjölbreytta hreyfingu sem eykur hreyfifærni þeirra. Hreyfihandbókin mun innihalda ítarlegar leiðbeiningar um leiki og þrautabrotir fyrir börn og myndir svo auðvelt sé fyrir starfsfólk að setja upp leiki og þrautabrotir. Í leikskólanum er mikið af ófaglærðu starfsfólki sem á ekki rétt á undirbúningstíma. Handbókin nýst þeim vel þar sem gott verður að grípa í hana til að hafa markvissa þjálfun.

Húsnæði og viðhald

Þar sem leikskólinn varð 10 ára í janúar voru gerðar minniháttar breytingar á kaffistofu. Keyptur var nýr sófi ásamt sófaborði, einnig var keypt klakavél sem vakti mikla lukku hjá starfsfólki. Í þvottahúsið var keypt ný þvottavél og þurrkara í lok árs 2021. Tækin í eldhúsi eru komin til ára sinna og fengum við mann í ár til að laga frystiskápinn og bakaraofninn. Innréttingin inn í

eldhúsi fór að losna frá veggnum og kom í ljós að fætarnir voru brotnar undan henni.

Leikskólinn á enn við rakavandamál að stríða í fataklefa yngri deilda og er búið að finna lausn á vandanum en ekki hefur verið gripið í lagfæringar. Þetta er ekki boðlegt lengur og vonandi verður gripið til aðgerða í sumar/haust. Skilrúm á eldri deildum var vegg- og gólf fest þannig nú ætti að það að haldast kyrrt en það átti það til að detta og skapaðist mikil hætta út frá því. Það er búið að vera smá vesen á útihliðum í vetur, læsingin á litla hliði bilaði og var því ekki hægt að loka því og stóra hliðið á eldri deild datt af en það var fljótt lagað. Við erum búin að biðja um smellur á stærri hliðin svo það sé ekki eins auðvelt fyrir börnin að opna þau. Á áætlun er að setja timbur strætó eða eitthvað fyrir yngri börnin á pallinn fyrir framan Móa einnig verður settur lítill geymsluskúr fyrir útidót yngri barna. Leikskólalóðin er orðin þreytt og þarf að laga mottur, gras og skipta út nokkrum fúnum spýtum af palli.

Lokaorð

Þegar litið er til baka yfir síðasta skólaár stendur upp úr gleði yfir því hversu vel starfið gekk þrátt fyrir þann vanda sem við stóðum frammi fyrir í byrjun skólaárs. Í lok ágúst stóð leikskólinn upp án skólastjórnenda þar sem Sigrún Sigurðardóttir fór í veikindaleyfi og Kristín aðstoðarleikskólastjóri hætti um sumarið. Einnig vantaði í fjögur stöðugildi og á sama tíma var búið að fylla leikskólann af börnum. Ég undirrituð kom inn í starfið tímabundið og Harpa Kristjánsdóttir deildarstjóri kom í stöðu aðstoðarleikskólastjóra. Eftir það var farið að auglýsa eftir fólki, deildarstjóra, sérkennslustjóra og leiðbeinendum inn á deild. Erfiðlega gekk að ráða inn fólk og því var álagið oft á tíðum afar mikið á starfsfólkið, bæði vegna manneklu og veikinda. Við þurftum að grípa til þessa ráðs að senda hvert barn heim einu sinni í viku klukkan 13:00 frá 15. október-15. desember. Við erum foreldrum þakklát fyrir skilninginn og góða samvinnu á þessum erfiðu tímum. Við skiptum leikskólanum í tvö hólf fyrir áramót þar sem Covid tilfellum fór að fjölga í samfélaginu. Á jóladag greindist síðan starfsmaður með Covid og þurfti í kjölfarið nokkrir starfsmenn og börn að fara í sóttkví. Sem betur fer fór heimsfaraldurinn rólega yfir leikskólann og kom ekki til þess að við þyrftum að loka deildum vegna hans.

Leikskólastarfið er skemmtilegt starf, það er gefandi og um leið krefjandi og er aldrei hægt að vita hvað dagurinn ber í skauti sér. Ég er óendanlega þakklát fyrir starfsfólkið, börnin og foreldrana sem tóku þátt í starfinu í vetur, það hefur einkennst af jákvæðni og lausnamiðaðri

[Leikskólinn Akrar](#)

hugsun. Með því að standa saman í því sem við gerum stuðlum við að betri líðan barnanna og það er það sem leikskólastarfið snýst fyrst og fremst um, vellíðan barna.

Takk fyrir.

Ragnildur Gunnlaugsdóttir
Leikskólastjóri á Ökrum